

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 25. október 2005 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins nr. 851/2005 frá 2. júní 2005, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 539/2001 um skrá yfir þriðju lönd þar sem ríkisborgarar þurfa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamærin og þau þriðju lönd þar sem ríkisborgarar eru undanþegnir þeirri kvöð með tilliti til tilhögunarinnar sem byggist á gagnkvæmni, sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 25. október 2005.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 28. október 2005.

Geir H. Haarde.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

REGLUGERÐ RÁÐSINS
(EB) nr. 851/2005 frá 2. júní 2005
um breytingu á reglugerð (EB) nr. 539/2001
þar sem talin eru upp þriðju lönd þar sem ríkisborgarar verða að hafa vegabréfsáritun til að fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna og þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir eru undanþegnir þeirri kvöð með tilliti til tilhögunarinnar sem byggist á gagnkvæmni.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum i-lið b-liðar 2. mgr. 62. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Komið hefur í ljós að tilhögunin, sem kveðið er á um í 4. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 539/2001 ⁽²⁾, hentar illa við aðstæður þar sem ekki er um gagnkvæmni að ræða

COUNCIL REGULATION
(EC) No 851/2005 of 2 June 2005
amending Regulation (EC) No 539/2001
listing the third countries whose nationals must be in possession of visas when crossing the external borders and those whose nationals are exempt from that requirement as regards the reciprocity mechanism

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,
Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 62(2)(b)(i) thereof,

Having regard to the proposal from the Commission,

Having regard to the opinion of the European Parliament ⁽¹⁾,

Whereas:

- (1) The mechanism provided for in Article 1(4) of Council Regulation (EC) No 539/2001 ⁽²⁾ has proved unsuitable for dealing with situations of non-reciprocity in which

þegar þriðja land í skránni í II. viðauka við þá reglugerð, þ.e. þriðja land þar sem ríkisborgarar eru undanþegnir kvöð um vegabréfsáritun, viðheldur eða innleiðir kvöð um vegabréfsáritun fyrir ríkisborgara eins eða fleiri aðildarríkja. Samstaða með aðildarríkjunum við aðstæður þar sem ekki er um gagnkvæmni að ræða gerir það nauðsynlegt að breyta gildandi tilhögun í því skyni að gera hana skilvirkari.

- 2) Vegna þess hve alvarlegar þær aðstæður eru þar sem ekki er um gagnkvæmni að ræða er mikilvægt að hlutaðeigandi aðildarríki tilkynni undantekningarlaust um slík tilvik. Til að tryggja að viðkomandi þriðja land geri ríkisborgurum hlutaðeigandi aðildarríkja aftur kleift að ferðast án vegabréfsáritunar er rétt að taka upp tilhögun sem sameinar ráðstafanir á ýmsum stigum og í mismiklum mæli sem hægt er að koma í framkvæmd á skjótan hátt. Framkvæmdastjórnin skal því gera ráðstafanir varðandi þriðja land án tafar, gefa ráðinu skýrslu og vera tilbúin, hvenær sem er, að leggja til við ráðið að það samþykki bráðabirgðaákvörðun um að leggja aftur á kvöð um vegabréfsáritun fyrir ríkisborgara viðkomandi þriðja lands. Þótt gripið sé til slíkrar bráðabirgðaákvörðunar er ekki útilokað að færa viðkomandi þriðja land yfir í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 539/2001. Einnig skal brúa bilið tímabundið milli gildistöku bráðabirgðaráðstafana og hugsanlegra tillagna um að færa landið yfir í I. viðauka.
- 3) Rétt er að ákvörðun þriðja lands um að innleiða eða endurinnleiða heimild fyrir ríkisborgara eins eða fleiri aðildarríkja til að ferðast án vegabréfsáritunar felli sjálfkrafa úr gildi tímabundna kvöð um vegabréfsáritun samkvæmt ákvörðun ráðsins.
- 4) Breytt tilhögun varðandi samstöðu miðar að því að ná fullkominni gagnkvæmni að því er varðar öll aðildarríkin og koma á skilvirkri og áreiðanlegri tilhögun sem tryggir hana.
- 5) Rétt er að breyta reglugerð (EB) nr. 539/2001 í samræmi við það.
- 6) Rétt er að kveða á um bráðabirgðafyrirkomulag ef aðildarríki þurfa að taka á sig kvöð um vegabréfsáritun í þriðju löndum sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 539/2001 þegar þessi reglugerð öðlast gildi.

a third country on the list in Annex II to that Regulation, i.e. a third country whose nationals are exempt from the visa requirement, maintains or introduces a visa requirement for nationals from one or more Member States. Solidarity with the Member States experiencing situations of non-reciprocity requires that the existing mechanism be adapted so as to make it effective.

- (2) Given the seriousness of such situations of non-reciprocity, it is essential that they should be notified without fail by the Member State(s) concerned. To ensure that the third country in question again applies visa-free travel to nationals of the Member States concerned, a mechanism should be provided which will combine measures at variable levels and intensities that can be rapidly carried out. Thus the Commission should take steps with the third country without delay, report to the Council and be able at any moment to propose that the Council adopt a provisional decision restoring the visa requirement for nationals of the third country in question. Resorting to such a provisional decision should not make it impossible to transfer the third country in question to Annex I of Regulation (EC) No 539/2001. A temporal link should also be provided between the entry into force of the provisional measure and any proposal to transfer the country to Annex I.
- (3) A decision by a third country to introduce or reintroduce visa-free travel for nationals of one or more Member States should automatically terminate the provisional restoration of a visa requirement decided by the Council.
- (4) The amended solidarity mechanism aims at achieving full reciprocity in respect of all Member States and creating an effective and accountable mechanism in order to ensure it.
- (5) Regulation (EC) No 539/2001 should be amended accordingly.
- (6) Transitional arrangements should be provided for where, when this Regulation comes into force, Member States are subject to a visa requirement by third countries listed in Annex II to Regulation (EC) No 539/2001.

- 7) Að því er Ísland og Noreg varðar telst þessi reglugerð til þróunar á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur gerðu með sér um þátttöku þessara tveggja ríkja í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna ⁽³⁾, sem falla innan þess sviðs sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/437/EB frá 17. maí 1999 um sérstakt fyrirkomulag varðandi beitingu þess samnings ⁽⁴⁾.
- 8) Breska konungsríkið og Írland eru ekki bundin af reglugerð (EB) nr. 529/2001. Þau taka því ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og eru ekki bundin af henni eða beitingu hennar.
- 9) Að því er Ríkjasambandið Sviss varðar telst þessi reglugerð þróun á ákvæðum Schengen-gerðanna í skilningi samningsins sem Evrópubandalagið, Evrópubandalagið og Ríkjasambandið Sviss gerðu með sér um þátttöku Ríkjasambandsins Sviss í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna ⁽⁵⁾, sem falla innan þess sviðs sem um getur í B-lið 1. gr. ákvörðunar 1999/437/EB, túlkuð í tengslum við 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 2004/849/EB ⁽⁶⁾ og 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar ráðsins 2004/860/EB ⁽⁷⁾.
- (7) As regards Iceland and Norway, this Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen *acquis*, within the meaning of the Agreement concluded by the Council of the European Union and the Republic of Iceland and the Kingdom of Norway concerning the association of those two States with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* ⁽³⁾, which fall within the area referred to in Article 1(B) of Council Decision 1999/437/EC of 17 May 1999 on certain arrangements for the application of that Agreement ⁽⁴⁾.
- (8) The United Kingdom and Ireland are not bound by Regulation (EC) No 539/2001. They are therefore not taking part in the adoption of this Regulation and are not bound by it or subject to its application.
- (9) As regards Switzerland, this Regulation constitutes a development of the provisions of the Schengen *acquis* within the meaning of the Agreement signed between the European Union, the European Community and the Swiss Confederation on the Swiss Confederation's association with the implementation, application and development of the Schengen *acquis* ⁽⁵⁾, which fall in the area referred to in Article 1(B) of Decision 1999/437/EC read in conjunction with Article 4(1) of Council Decision 2004/849/EC ⁽⁶⁾ and Article 4(1) of Council Decision 2004/860/EC ⁽⁷⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 539/2001:

1. Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Eftirfarandi ákvæði gilda ef þriðja land, sem skráð er í II. viðauka, innleiðir kvöð um vegabréfsáritun fyrir ríkisborgara aðildarríkis:

- a) innan 90 daga frá slíkri innleiðingu, eða tilkynningar þar um, skal hlutaðeigandi aðildarríki senda ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega tilkynningu; birta skal tilkynninguna í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*. Í tilkynningunni skal tilgreina hvenær ráðstöfunin kemur til framkvæmda svo og hvers konar ferðaskilríki og vegabréfsáritanir um er að ræða.

HAS ADOPTED THIS REGULATION:

Article 1

Article 1 of Regulation (EC) No 539/2001 is amended as follows:

1. Paragraph 4 shall be replaced by the following:

‘4. Where a third country listed in Annex II introduces a visa requirement for nationals of a Member State, the following provisions shall apply:

- (a) within 90 days of such introduction, or its announcement, the Member State concerned shall notify the Council and the Commission in writing; the notification shall be published in the C series of the *Official Journal of the European Union*. The notification shall specify the date of implementation of the measure and the type of travel documents and visas concerned.

Ef þriðja land ákveður að afnema kvöð um vegabréfsáritun áður en þessi frestur rennur út verður tilkynningin óþörf,

- b) eftir birtingu tilkynningarinnar skal framkvæmdastjórnin, án tafar og í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki, gera ráðstafanir ásamt yfirvöldum þriðja lands í því skyni að koma aftur á ferðum án vegabréfsáritunar,
- c) innan 90 daga frá birtingu tilkynningarinnar skal framkvæmdastjórnin senda ráðinu skýrslu í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki. Skýrslunni getur fylgt tillaga um tímabundna innleiðingu á kvöð um vegabréfsáritun fyrir ríkisborgara viðkomandi þriðja lands. Framkvæmdastjórnin getur einnig lagt fram þessa tillögu eftir að ráðið hefur fjallað um skýrsluna. Ráðið skal taka ákvörðun um slíka tillögu með auknum meirihluta innan þriggja mánaða,
- d) telji framkvæmdastjórnin þörf á getur hún lagt fram tillögu um að leggja aftur á tímabundna kvöð um vegabréfsáritun fyrir ríkisborgara þriðja lands, sem um getur í c-lið, án þess að tilkynna um það fyrirfram. Málsferðin sem kveðið er á um í c-lið skal gilda um tillöguna. Hlutaðeigandi aðildarríki getur tilgreint hvort það óskar eftir að framkvæmdastjórnin falli frá því að leggja aftur á slíka, tímabundna kvöð um vegabréfsáritun án þess að tilkynna um það fyrirfram.
- e) málsmeðferðin, sem um getur í c- og d-lið, hefur ekki áhrif á rétt framkvæmdastjórnarinnar til að leggja fram tillögu um breytingu á þessari reglugerð í því skyni að færa viðkomandi þriðja land yfir í I. viðauka. Ef ákveðið hefur verið að grípa til tímabundinna ráðstafana, sem um getur í c- og d-lið, skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillöguna um breytingu á þessari reglugerð eigi síðar en níu mánuðum eftir gildistöku tímabundnu ráðstöfunarinnar. Í slíkri tillögu skulu einnig vera ákvæði um afnám tímabundinna ráðstafana, sem kunna að hafa verið gerðar samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í c- og d-lið. Í millitíðinni heldur framkvæmdastjórnin áfram að reyna að fá yfirvöld

If the third country decides to lift the visa obligation before the expiry of this deadline, the notification becomes superfluous;

- (b) the Commission shall immediately after publication of that notification and in consultation with the Member State concerned, take steps with the authorities of the third country in order to restore visa-free travel;
- (c) within 90 days after publication of that notification, the Commission, in consultation with the Member State concerned, shall report to the Council. The report may be accompanied by a proposal providing for the temporary restoration of the visa requirement for nationals of the third country in question. The Commission may also present this proposal after deliberations in Council on its report. The Council shall act on such proposal by a qualified majority within three months;
- (d) if it considers it necessary, the Commission may present a proposal for the temporary restoration of the visa requirement for nationals of the third country referred to in subparagraph (c) without a prior report. The procedure provided for in subparagraph (c) shall apply to that proposal. The Member State concerned may state whether it wishes the Commission to refrain from the temporary restoration of such visa requirement without a prior report;
- (e) the procedure referred to in subparagraphs (c) and (d) does not affect the Commission's right to present a proposal amending this Regulation in order to transfer the third country concerned to Annex I. Where a temporary measure as referred to in subparagraphs (c) and (d) has been decided, the proposal amending this Regulation shall be presented by the Commission at the latest nine months after the entry into force of the temporary measure. Such a proposal shall also include provisions for lifting of temporary measures, which may have been introduced pursuant to the procedures referred to in subparagraphs (c) and (d). In the meantime the Commission will continue its efforts in

viðkomandi þriðja lands til að koma aftur á ferðum án vegabréfsáritunar fyrir ríkisborgara hlutaðeigandi aðildarríkis,

- f) ef viðkomandi þriðja land afnemur kvöð um vegabréfsáritun skal aðildarríkið tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni þar um án tafar. Tilkynningin skal birt í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*. Tímabundnar ráðstafanir, sem hafa verið ákveðnar í samræmi við d-lið, skulu falla úr gildi sjö dögum eftir birtingu í Stjórnartíðindinum. Ef viðkomandi þriðja land hefur innleitt kvöð um vegabréfsáritun fyrir ríkisborgara tveggja eða fleiri aðildarríkja fellur tímabundna ráðstöfunin ekki úr gildi fyrr en eftir síðustu birtinguna.“

2. Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Á meðan ekki hefur verið komið á gagnkvæmri undanþágu frá kvöð um vegabréfsáritun milli þriðja lands, sem er skráð í II. viðauka, og einhvers af aðildarríkjunum skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, fyrir 1. júlí hvers árs þar sem ártalið endar á sléttri tölu, um aðstæður þar sem ekki er um gagnkvæmni að ræða og leggja fram viðeigandi tillögur ef þörf krefur.“

2. gr.

Ef ríkisborgarar aðildarríkis þurfa að gangast undir kvöð þriðja ríkis, sem skráð er í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 539/2001, um vegabréfsáritun skal aðildarríkið tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni skriflega þar um eigi síðar en 24. júlí 2005. Tilkynningin skal birt í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

Ákvæði b- til f-liðar, 4. mgr., 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 539/2001 skulu gilda.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugusta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

order to induce the authorities of the third country in question to reinstall visa-free travel for the nationals of the Member State concerned;

- (f) where the third country in question abolishes the visa requirement, the Member State shall immediately notify the Council and the Commission to that effect. The notification shall be published in the C series of the Official Journal of the European Union. Any temporary measure decided upon under subparagraph (d) shall terminate seven days after the publication in the Official Journal. In case the third country in question has introduced a visa requirement for nationals of two or more Member States the termination of the temporary measure will only terminate after the last publication.’

2. The following paragraph shall be added:

‘5. As long as visa exemption reciprocity continues not to exist with any third country listed in Annex II in relation to any of the Member States, the Commission shall report to the European Parliament and the Council before the 1 July of every even-numbered year on the situation of non-reciprocity and shall, if necessary, submit appropriate proposals.’

Article 2

Member States whose nationals on 24 June 2005 are subject to a visa requirement by a third country listed in Annex II to Regulation (EC) No 539/2001 shall notify the Council and the Commission in writing by 24 July 2005. The notification shall be published in the C series of the *Official Journal of the European Union*.

The provisions of Article 1(4)(b) to (f) of Regulation (EC) No 539/2001 shall apply.

Article 3

This Regulation shall enter into force on the twentieth day following its publication in the *Official Journal of the European Union*.

This Regulation shall be binding in its entirety and directly applicable in the Member States in accordance with the Treaty establishing the European Community.

Gjört í Lúxemborg, 2. júní 2005.

Done at Luxembourg, 2 June 2005.

Fyrir hönd ráðsins,
L. Frieden,
forseti.

For the Council
The President
L. FRIEDEN

-
- 1) Áliti var skilað 28. apríl 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).
 - 2) Stjtið. EB L 81, 21.3.2001, bls. 1.
 - 3) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 36.
 - 4) Stjtið. EB L 176, 10.7.1999, bls. 31.
 - 5) Skjal ráðsins 13054/04, aðgengilegt á <http://register.consilium.eu.int>
 - 6) Stjtið. ESB L 368, 15.12.2004, bls. 26.
 - 7) Stjtið. ESB L 370, 17.12.2004, bls. 78.

-
- (1) Opinion delivered on 28 April 2005 (not yet published in the Official Journal).
 - (2) OJ L 81, 21.3.2001, p. 1.
 - (3) OJ L 176, 10.7.1999, p. 36.
 - (4) OJ L 176, 10.7.1999, p. 31.
 - (5) Council doc. 13054/04 accessible on <http://register.consilium.eu.int>
 - (6) OJ L 368, 15.12.2004, p. 26.
 - (7) OJ L 370, 17.12.2004, p. 78.

C-deild – Útgáfud.: 11. júní 2009